



Fyrsti fundur Deltadeildar starfsárið 2019-2020
fimmtudaginn 24. október, degi Sameinuðu þjóðanna
kl 18 í Bókhöðun Snorrastofu

Dagskrá:

Áætlað hafði verið að hefja fundinn á Skáney í Reykholtssdal (<http://skaney.is/>) og eiga þar stefnumót við Randi Holaker reiðkennara. Þessu stefnumóti varð að fresta vegna tvíbókunar Randi. Þess í stað hófst fundurinn í Bókhöðunni í Snorrastofu. Veður heldur leiðinlegt, kalt og hvasst.

Kveikt á kertum

- Sjöfn Vilhjálmsdóttir kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.

Lagið mitt

Jónína lagði til lagið, Dagur er risinn, gelískt lag við texta Heimis Pálssonar, sem konur sungu undir styrkri stjórn Theódóru.

Fundargerð vorfundar okkar í Nesi í Reykholtssdal daginn fyrir uppstigningardag
Formaður las fundargerð síðsta fundar, í fjarveru ritara. Fundargerð samþykkt.

Vetrarstarfið rætt og innihald og rammi

Formaður Jónína Eiríksdóttir, flutti ávarpsorð:

Verið velkomnar. Ýmislegt hefur verið öndvert við undirbúning fundarins, en gleðilegt að hann er orðinn að veruleika.

Fyrst er að telja upp fréttir af framkvæmdaráðsfundi haustsins, 14. sept s.l. með landssambandsstjórninni og formönnum allra deilda og nokkurra nefnda.

Landssambandsstjórnin leggur okkur til yfirskrift næstu tveggja ára: Verum vakandi og virkar. Við getum svo spurt okkur, hvaða merkingu það hafi og hvernig það birtist í deildarstarfinu? Forsetinn hvatti okkur mjög til þess að láta til okkar taka í heimahéruðum og framkvæmdaráðið var einróma sammála um að deildirnar gætu látið meira til sín taka og vakið athygli á þeim málefnum, sem samtökin láta sig varða. Þetta mætti gera bæði með því að skrifa greinar í nafni samtakanna og halda opna fundi um málefnið. Á fundinum hafði landssambandsstjórnin boðið Elvu Ýr Gylfadóttur, sem á sæti í Fjölmíðlanefnd á vegum Alþingis að flytja ávarp. Allir viðstaddir upptendruðust af erindi Elvu og hétu því að halda fundi á svæði deildanna með slíku erindi eða svipuðu. Meðal annars við í Deltadeild, undirrituð, Theodóra í stjórn og Jensína gjaldkeri samtakanna. Þetta verður ef til vill að bíða næsta vetrar af því að nú höfum við fengið annað verkefni til að fást við, vorþing DKG í Borgarnesi 9. maí.

Stjórn samtakanna á Íslandi leggur áherslu á að við...

- látum til okkar taka, gerum samtökin sýnileg og höldum t.d. opna fræðslufundi í nafni samtakanna. Stjórnin hefur heitið okkur stuðningi við slíka framkvæmd.
- tökum þátt í umræðu um menntamál á okkar svæði, sendum frá okkur greinar og ályktanir þegar það á við
- bjóðum nýjum konum í deildina og breikkum bakgrunn samtakanna – hugum sem sagt að sem flestir þættir menntakerfisins birtist í okkar röðum

- vekjum athygli á því þegar félagar okkar skrifa greinar eða birta eitthvað,
- setjum efni undir þekkingarhnappinn á heimasíðunni
- birtum áætlun um starfið okkar á heimasíðunni,
- vekjum athygli á því þegar konur í samtökunum hljóta viðurkenningu í samfélaginu,
- kynnum okkur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og tengjum þau markmiðum okkar samtaka,
- sækjum um styrki samtakanna og bjóðum óhræddar fram krafta okkar til þátttöku í alþjóðlegu starfi
- samtökin á Íslandi munu skoða, hvort ástæða sé til fyrir þau að setja sér langtímaáætlun eins og alþjóðasamtökin hafa gert, sem sagt til lengri tíma en tveggja ára. Ef af þessu verður, kallar stjórnin okkur til samráðs um þetta.
- skoðum Heimsmarkmið SP og hvernig þau samræmast markmiðum okkar (<https://www.un.is/heimsmarkmidin/>)

Dagskrá vetrarins skoðuð og skeggrædd

(fylgiskjal) Nokkrar dagsetningar skoðaðar, annars samhljómur og samþykki í hópnum. Nokkur atriðið þarf að festa áður en dagskráin verður send til vefaranna – annars mikilvægt að dagsetningar standi þó innihald fundanna verði e.t.v. fyrir breytingum.

Vorþing DKG á Íslandi 9. maí 2020 :

Theodóra sagði frá að næsta vorþing Delta Kappa Gamma verði haldið í Borganesi á Hótel B59, 9. maí 2020. Fengist hefur mjög gott tilboð frá hótelinu. Jónína greindi frá að á næsta fundi okkar yrði skipað í nefndir fyrir vorþingið.

Árgjald, breyttur gjalddagi, breytt vinnubrögð

Sóley sagði frá nýju skipulagi í innheimtu árgjaldsins, þetta er amerískt kerfi, sem á að létta á gjaldkerunum. Ef konur borga ekki fyrir október, fá þær innheimtubréf frá Ameríku.

Samþykkt var að greiða þeim konum sem sóttu alþjóðþingið í sumar 10.000 kr.

Alþjóðlega ráðstefnan í sumar, hvernig fór hún?

Sigrún sagði frá undirbúningi alþjóðaráðstefnunnar síðastliðið sumar, sem hafði staðið yfir í um ár. Sigrún gaf kost á sér í Fjölmíðla – og kynninganefnd. Nefndin lét m.a. útbúa fallegt bókamerki, sem kynningu. Búið var til kynningarmyndband. Fréttabréf nefndarinnar voru 7. Sigrún sagði að svona vinna gæfi mikið og ekki síst að taka þá í svona ráðstefnu, en að mikill munur væri á ráðstefnu og þingi. Ljósmyndarar alþjóðaráðstefnunnar voru Þórunn Reykdal og Guðlugur Óskarsson, sem tóku 1568 ljósmyndir. Sigrún sagði að það væru mikil forréttindi að vera meðlimur í Delta Kappa Gamma.

Allt efni alþjóðaráðstefnunnar 2019 er aðgengilegt á vefsíðu samtakanna www.dkg.is

Fundi slitið formlega og haldið út á Fosshótel Reykholt í kvöldverð

Vefmál

Fréttir af vefmálum voru fluttar undir borðum og Guðlaug sagði að síðar í vetur yrði vefurinn sérstaklega tekinn fyrir og athugasemda óskað frá félögum. Vefarar og formaðurinn hafa sett á áætlun að hafa það á dagskrá á aðalfundi.

Happdrætti

Happdrætti sömuleiðis undir borðum. Jónína kom með vinninginn, Theodóra hreppti hann.

Uppstillingarnefnd

Þá var uppstillingarnefnd einnig sett af stað eftir máltíðina á hótelinu með Guðlaugu, Ástu og Sjöfn. Samþykkt.

Jónína Eiríksdóttir formaður Delta deildar.

Elísabet Jóhannesdóttir ritari fundarins.

